

ÁRSSKÝRSLA  
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS  
**2012**



## Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2012

### Útgefandi:

Fjármálaeftirlitið

Höfðatúni 2

105 Reykjavík

Sími: 520 3700 / Símbref: 520 3727

Tölvupóstur: [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is)

Veffang: [www.fme.is](http://www.fme.is)

### Ritstjórn:

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir

Ragnar Hafliðason

Sigurður G. Valgeirsson

### Hönnun & umbrot:

ENNEMM

### Ljósmyndir:

Mynd á kápu: Nordic Photos

### Prentun:

Svansprent

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Starfsemi Fjármálaeftirlitsins</b>	<b>7</b>
1.1	Yfirlit forstjóra	7
1.2	Skipulagsbreytingar	9
1.3	Mannauður	9
1.4	Eftirlitssvið Fjármálaeftirlitsins	10
1.5	Rekstur og fjármál	12
1.6	Rúmt ár á nýjum stað	14
1.7	Góð reynsla af nýjum vef	14
1.8	Áhersla á upplýsingamiðlun	14
<b>2</b>	<b>Þróun á mörkuðum</b>	<b>16</b>
2.1	Lánamarkaður	16
2.2	Verðbréfamarkaður	17
2.3	Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir	19
2.4	Vátryggingamarkaður	21
<b>3</b>	<b>Annáll liðins árs</b>	<b>22</b>
3.1	Nokkrir atburðir liðins árs	22
<b>4</b>	<b>Eftirlitsskyldir aðilar</b>	<b>28</b>
4.1	Fjöldi eftirlitsskyldra aðila 30.06 2012	28
4.2	Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	28
<b>5</b>	<b>Helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins árið 2011</b>	<b>29</b>



## Efni ársskýrslunnar

Efnisumfjöllun ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2012 tekur í meginatriðum til tímabilsins frá 1. júlí 2011 til 30. júní 2012. Í skýrslunni er sagt frá helstu verkefnum Fjármálaeftirlitsins á tímabilinu. Fjallað er einnig um stöðu og horfur á lánamarkaði, verðbréfamarkaði, lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaði og váttryggingamarkaði. Sagt er frá endurskipulagningu Fjármálaeftirlitsins og farið yfir dómsmál sem tengjast starfseminni.

Í ársskýrslunni er að finna yfirlitstöflu yfir fjölda eftirlitsskyldra aðila á miðju árinu 2012 og helstu upplýsingar eru birtar úr ársreikningi eftirlitsins fyrir árið 2011. Ársskýrslan verður birt á ensku og íslensku á vef Fjármálaeftirlitsins [www.fme.is](http://www.fme.is). Þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

### Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins er í höndum þriggja manna stjórnar. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem fer með daglega stjórnun eftirlitsins. Í stjórn sitja eftirfarandi í október 2012: Aðalsteinn Leifsson, lektor, formaður stjórnar, Valgerður Rún Benediktsdóttir, settur skrifstofustjóri, varaformaður stjórnar, skipuð tímabundið frá 1. júlí til 1. nóvember 2012, og Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn eru Halldór S. Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri, Harpa Jónsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Seðlabanka Íslands (skipuð frá 3. febrúar 2012) og Margrét Einarsdóttir, lektor, skipuð tímabundið (frá 1. júlí 2012).

Á tímabilinu frá 1. júní 2011 til október 2012 hafa auk framangreindra setið í stjórn Fjármálaeftirlitsins: Ingibjörg Þorsteinsdóttir, sem er í tímabundnu leyfi og var varaformaður stjórnarinnar frá 27. maí 2011 til 1. júlí 2012, og Sigurður Þórðarson, sem sat í varastjórn frá 2. september 2010 til 1. júlí 2012.

### Forstjóri Fjármálaeftirlitsins

Unnur Gunnarsdóttir

### Framkvæmdastjórnar sviða

#### Greiningar

Lúðvík Þorgeirsson

#### Eftirlit

Halldóra Elín Ólafsdóttir

#### Vettvangsathuganir

Sigurveig Guðmundsdóttir

#### Starfandi yfirlögfræðingur

Guðrún Finnborg Þórðardóttir

#### Rekstrarsvið

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir

#### Upplýsingatæknisvið

Jón Andri Sigurðarson

#### Mannauðsstjóri

Jakobína Hólmfríður Árnadóttir



# 1. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins

## 1.1 Yfirlit forstjóra

Fyrirtæki á fjármálamarkaði gegna mikilvægu hlutverki í þágu almennings. Þeim er treyst fyrir fjármunum almennings til ávöxtunar og endurgreiðslu. Þau bera ábyrgð á virkum og traustum greiðslukerfum þannig að verslun og viðskipti geti gengið greiðlega fyrir sig og þau veita lán og aðra fyrirgreiðslu til einstaklinga og fyrirtækja til þarfra verkefna. Þá tryggja fyrirtæki á fjármálamarkaði fólk og fyrirtæki fyrir áföllum. Með öllu þessu stuðla þau að skilvirkri og traustri fjármálastarfsemi og fjármálastöðugleika. Fyrirtækin bera að sjálfsgöðu frumábyrgð á því að rekstur þeirra sé traustur og farið sé eftir settum reglum. Það er þó tvímælaust mikilvægt að skipulegt eftirlit sé haft með starfseminni.

Fjármálaeftirlitið er það stjórnvald sem hefur verið falið að fylgjast með því að eftirlitsskyldir aðilar fari að lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda.

Stofnuninni eru veittar heimildir til ítarlegrar gagnaöflunar til greiningar og að meta hvort fyrirtæki viðhafa góða og heilbrigða viðskiptahætti í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið metur hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og hæfi aðila til að eiga virkan eignarhlut í fjármálfyrirtæki. Stofnunin fylgir því einnig eftir að fjárfestingar lífeyrissjóða séu innan lagaheimilda og að verðbréfamarkaðurinn starfi í samræmi við lög, svo eitthvað sé nefnt.

Fjármálaeftirlitið annast einnig frumrannsóknir efnahagsbrota, leggur á stjórnvaldssektir, veitir starfsleyfi og sviptir starfsleyfi eða gerir eftir atvikum kröfur um úrbætur í starfseminni. Flestar þessar heimildir til íhlutunar geta haft í för með sér íþyngjandi áhrif á starfsemi þeirra fyrirtækja sem eiga í hlut til skemmri tíma litið.

Fjármálaeftirlitið hefur nú eftirlit með 121 eftirlitsskyldum aðila. Þar af eru 108 fyrirtæki sem starfa á fjármálamarkaði og 13 slitastjórnir fallinna fjármálfyrirtækja. Meðal eftirlitsskyldra fyrirtækja eru bankar, sparissjóðir, lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, váttryggingafélög, váttryggingamiðlarar, lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og rekstrarfélög verðbréfasjóða svo eitthvað sé nefnt.

Stærð Fjármálaeftirlitsins hefur verið nokkuð umtöluð en eins og fram hefur komið eru starfsmenn nánast tvöfalt fleiri en var haustið 2008. Oft hefur í því sambandi verið bent á að fjármálakerfið á Íslandi hafi minnkað mjög og sé einfaldara en á tímum uppgangs fyrr á þessari öld. Samhliða eru þó gerðar ríkar kröfur um að starfsemi Fjármálaeftirlitsins sé stórbætt og standist samjöfnuð við það sem best er. Í því sambandi má vísa til umfjöllunar um stofnunina í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu finnska bankasérfræðingsins Kaarlo Jännäri um starfsemina.

Gangverk Fjármálaeftirlitsins er hluti af alþjóðlegu umhverfi á sínu sviði, einkum þó evrópsku. Stofnunin starfar í samræmi við lög, reglur, staðla og leiðbeiningar sem settar eru á grundvelli aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þessu fylgir að starfsemin er skoðuð af innlendum sem erlendum aðilum.

Sem dæmi um eftirlit með Fjármálaeftirlitinu má nefna að þar sem stutt er um liðið frá því að Ísland var undir svonefndri áætlun Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins fylgdist sendinefnd sjóðsins enn með starfsemi stofnunarinnar. Á árinu 2011 var einnig gerð úttekt á því hvernig Fjármálaeftirlitið fullnægir svonefndum kjarnaviðmiðum Basel um skilvirkt bankaeftirlit. Slíkt mat verður endurtekið af hálfu Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins á síðari hluta næsta árs. Þá hefur regluverk fjármálaþjónustunnar á Íslandi og starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins verið rýnd í tengslum við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Fjármálaeftirlitið er þrettán ára gömul stofnun sem varð til með sameiningu bankaftirlits Seðlabanka Íslands og Váttryggingaeftirlits. Fjármálaeftirlitið er því búið að slíta barnsskónum og er ekki laust við að stofnunin hafi þurft að ganga í gegnum ýmis átök sem fylgja því að þroskast. Þá hafa kröfurnar sem



gerðar eru til stofnunarinnar eins og að framan greinir verið talsverðar og vaxandi. Það skiptir miklu máli fyrir íslenskan fjármálamarkað að Fjármálaeftirlitið standist þær með sóma.

Tímabilið sem þessi ársskýrsla nær til hefur verið annasamt hjá Fjármálaeftirlitinu. Ráðist var í róttæka endurskipulagningu stofnunarinnar í lok ársins 2011 og nýtt skipurit gekk í gildi um miðjan janúar 2012 en þá var einnig nýr vefur Fjármálaeftirlitsins opnaður með nýju merki stofnunarinnar. Nokkrum mánuðum áður hafði stofnunin flutt í nýtt húsnæði.

Endurskipulagningin, sem náði til eftirlitssviða Fjármálaeftirlitsins og nánar er sagt frá hér aftar í ársskýrslunni, hafði í för með sér talsverðar tilfærslur innan Fjármálaeftirlitsins. Fimm framkvæmdastjórstöður voru lagðar niður og í stað þeirra voru stofnuð þrjú störf framkvæmdastjóra. Við endurskipulagninguna voru einnig gerðar breytingar á störfum og verksviði flestra sem starfa við hefðbundið eftirlit. Þetta hefur óneitanlega haft í för með sér tímabundið álag á starfsemina.

Fjallað er um stöðu á mörkuðum hér í ársskýrslunni. Þar kemur meðal annars fram að þrátt fyrir sterka eigin- og lausafjárstöðu bankanna eru tiltekin atriði sem kunna að valda óvissu og gætu haft neikvæð áhrif á rekstrarafkomu þeirra á næstu misserum. Þar má helst nefna óvissu um gæði útlánasafna, lagalega óvissu hvað varðar útlán tengd erlendum myntum, fjármögnun til lengri tíma, óróa á erlendum mörkuðum og óvissu tengda fyrirhuguðu afnámi gjaldeyrishafta.

Velta hefur aukist á verðbréfamarkaði með tilkomu nýrra fjárfestingarmöguleika, en bæði ný félög og skuldabréf hafa verið skráð á markað. Þannig meira en tvöfaldaðist velta með hlutabréf milli árana 2010 og 2011 úr tveimur milljörðum króna í ríflega fimm milljarða og hefur haldið áfram að aukast það sem af er árinu 2012. Þá hefur velta á skuldabréfamarkaði verið líflæg. Meðalmánaðarvelta ársins 2011 dróst örlítið saman frá fyrra ári en jókst töluvert á fyrstu sex mánuðum 2012 og hefur ekki mælst meiri frá 2008.

Eignir íslensku lífeyrissjóðanna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru um 137% í árslok 2011 sem er sama hlutfall og var fyrir fall bankanna. Eignir þeirra nema um þriðjungi af heildareignum allra þeirra aðila sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða var 2,54% á árinu 2011 samanborið við 2,65% árið 2010. Undanfarin fimm ár hefur ávöxtun lífeyrissjóðanna ekki náð ávöxtunarviðmiði sjóðanna sem er 3,5% raunávöxtun.

Á váttryggingamarkaði eru fjögur félög langstærst á markaðnum með um 95% markaðshlutdeild. Tvö eru í sölufarli. Hagnaður skaðatryggingafélaganna nam 4,9 milljörðum króna árið 2011 sem er aukning um 2,9 milljarða króna frá árinu áður. Öll líftryggingafélögin voru rekin með hagnaði sem nam 1,3 milljarði króna sem er nokkur lækkun frá árinu áður.

Um áramótin 2012-2013 mun formlegum rannsóknum Fjármálaeftirlitsins á meintum efnahagsbrotum í aðdraganda fjármálaáfallsins haustið 2008 ljúka. Allt að 15 sérfræðingar hafa undanfarin ár unnið að þessum rannsóknum innan Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur í október 2012 lokið rannsóknum á 167 málum. Alls hafa 49 mál tengd aðdraganda hrunsins verið kærð til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra eða embættis sérstaks saksóknara. Jafnframt hefur 34 málum þar sem um er að ræða meint brot á almennum hegningarlögum verið vísað til embættis sérstaks saksóknara. Málum hefur í þremur tilvikum verið lokið með beitingu stjórnvaldssekta og 81 máli hefur lokið án aðgerða. Fjármálaeftirlitið hefur áfram hlutverk að lögum við frumrannsókn efnahagsbrota. Því mun verða fækkað í rannsóknarteymi og verkefni þess munu frá næstu áramótum eingöngu lúta að rannsóknum samtímamála.

Fjármálaeftirlitið hefur að undanfögnu lagt mikla og vaxandi áherslu á miðlun upplýsinga til eftirlitsskyldra aðila, fjölmiðla og almennings. Þetta átak á sér stoð í stefnu Fjármálaeftirlitsins og má einnig að nokkru leyti rekja til upplýsingastefnu sem gefin var út í lok nóvember á síðasta ári. Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins er vissulega þáttur í þessari upplýsingamiðlun og vona ég að hún gefi glögga og áhugaverða mynd af starfseminni. Fyrirhugað er að færa ársfund Fjármálaeftirlitsins og halda hann framvegis að vori. Það verður því styttra í næsta ársfund að þessu sinni en áður hefur verið.




## 1.2 Skipulagsbreytingar

Allt frá falli fjármálakerfisins haustið 2008 hafa innlendir og erlendir aðilar gert úttektir á starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Markvisst hefur verið unnið úr þeim ábendingum en fleiri en ein þeirra hefur beinst að því að huga þyrfti að breytingum á innra skipulagi stofnunarinnar.

Ráðist var í umfangsmiklar skipulagsbreytingar innan Fjármálaeftirlitsins haustið 2011. Voru þær byggðar á vinnu stórs hóps starfsmanna Fjármálaeftirlitsins og höfð hliðsjón af áðurnefndum athugasemdum og tillögum innlendra og erlendra aðila. Við vinnuna var horft til hlutverks og stefnu stofnunarinnar og markmiða sem nýju skipulagi var ætlað að ná fram. Niðurstaðan var sú að innleiða verkefnaþað skipulag í stað skiptingar eftir mörkuðum. Lögð var áhersla á að allir starfsmenn stofnunarinnar tækju með einum eða öðrum hætti virkan þátt í nánari útfærslu hins nýja skipulags.

Starfsemi Fjármálaeftirlitsins er samkvæmt nýju skipulagi skipt í þrjú kjarnasvið sem nefnast: Vettvangsathuganir, eftirlit og greiningar. Stoðsvið eru rekstrarsvið, mannauðssvið og upplýsinga-tæknisvið. Til viðbótar er svið yfirlögfræðings og skrifstofa forstjóra.



## 1.3 Mannauður

Skipulagsbreytingarnar höfðu mikil áhrif á starfsmenn og stjórnendur stofnunarinnar. Störf fimm framkvæmdastjóra voru lögð niður og í stað þeirra voru stofnuð þrjú störf framkvæmdastjóra, þ.e. framkvæmdastjóra vettvangsathugana, eftirlits og greininga. Sigurveig Guðmundsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri vettvangsathugana. Hún starfaði áður sem forstöðumaður hjá Fjármálaeftirlitinu. Halldóra E. Ólafsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri eftirlits en hún hafði áður veitt lífeyris- og verðbréfasjóðasviði Fjármálaeftirlitsins forstöðu. Lúðvík Þorgeirsson var ráðinn framkvæmdastjóri greininga. Hann starfaði áður hjá Actavis og þar áður hjá Tryggingamiðstöðinni hf.

Gerðar voru breytingar á störfum og verkswiði flestra starfsmanna sem starfa við hefðbundið eftirlit þegar nýja skipulagið var tekið upp. Leitast var við í ferlinu að gefa starfsfólki færi á að taka sem virkastan þátt og velja sér starf við hæfi og eftir áhugasviði hvers og eins.

Aðferðir sem notaðar voru til að finna starfsmönnum stað í nýju skipulagi byggðu á þrjúþættu ferli. Í fyrsta lagi var horft til þekkingar og reynslu starfsmanna, styrkleika þeirra sem metnir voru með OPQ persónuleikaprófi og í þriðja lagi var tekið tillit til óska starfsmanna um staðsetningu í nýju skipulagi. Ágætlega tókst til með þessa aðferðafræði og flestir starfsmenn fengu störf sem studdu við fyrsta eða annað val þeirra og styrkleika. Í töflunni hér á eftir má sjá skiptingu starfsmanna eftir fjölda á hverju sviði og menntunarflokkun í maí 2012. Mönnun nýs skipulags lauk 16. janúar 2012.

Svið	Samtals	Lögfræðingar	Viðskipta-, hag-, og verkfræðingar	Önnur háskólamenntun	Engin háskólamenntun
Eftirlit	38	19	18	1	
Vettvangsathuganir	24	5	16	2	1
Greiningar	20		17	2	1
Upplýsingatæknisvið	11		1	7	3
Mannauðssvið	2			2	
Rekstrarsvið	14		4	4	6
Svið yfirlögfræðings	5	5			
Skrifstofa forstjóra	5	1	1	3	
<b>Samtals</b>	<b>119</b>	<b>30</b>	<b>57</b>	<b>21</b>	<b>11</b>

### Umbótaverkefni á mannauðssviði

Mannauðssvið vinnur að umbótum á mannauðsmálum stofnunarinnar með hliðsjón af fimm meginþáttum:

- Þjálfun í eftirliti
- Þekkingarstjórnun
- Menningu stofnunarinnar
- Launa- og umbunarkerfi
- Hámarksnýtingu mannauðs

Markmiðið með þessu umbótaverkefni, sem er skilgreint til tveggja ára, er að efla þessa þætti í innviðum Fjármálaeftirlitsins. Liður í umbótaverkefninu er að heimsækja erlendar stofnanir og læra af aðferðum þeirra.

Innanhússfræðsla hefur nú þegar verið efl. Veturinn 2011-2012 var nokkuð fjölbreytt framboð gagnlegra námskeiða. Þátttaka var góð og ánægja með framboðið. Miklar vonir eru bundnar við frekari þróun fræðslumála með þátttöku í umbótaverkefninu og fjölgun starfsmanna á mannauðssviði en nú eru tveir starfsmenn starfandi á sviðinu.

### Starfsmannavelta og vöxtur

Starfsmönnum hefur fjölgað nokkuð á árinu 2012. Mun starfsmannafjöldi Fjármálaeftirlitsins ná hámarki á þessu ári eins og áætlanir hafa gert ráð fyrir. Ekki er gert ráð fyrir frekari vexti á komandi árum. Starfsmannavelta undanfarin ár hefur verið nálægt 13%. Það sem af er árinu 2012 (mælt í september) er starfsmannavelta 4%. Vel hefur gengið að ráða fólk með fjölbreyttan bakgrunn og menntun og fáir starfsmenn hafa látið af störfum á árinu, sem er ánægjulegt í ljósi þess að mikið hefur mætt á starfsfólki stofnunarinnar eftir svo umfangsmiklar breytingar.

#### 1.4 Eftirlitssvið Fjármálaeftirlitsins

Eftirlitssvið Fjármálaeftirlitsins eru þrjú og nefnast þau: Vettvangsathuganir, eftirlit og greiningar.

#### Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir skiptast í tvo hluta sem kallast rannsóknir og vettvangsathuganir. Rannsóknir hafa fram til þessa einkum sinnt rannsóknum á meintum afbrotum tengdum bankahruninu en ráðgert er að þeim ljúki að mestu um áramót. Við tekur þá smærri hópur starfsmanna sem mun meðal annars sinna samtímarannsóknum mála sem krefjast frumrannsókna Fjármálaeftirlitsins. Umfangið mun því að líkindum minnka talsvert en áhersla verður þó á að þekking og reynsla rannsókna nýtist við rannsókn

sambærilegra mála í framtíðinni og geri Fjármálaeftirlitinu kleift að bregðast hratt við á viðeigandi hátt. Vettvangsathuganir sinna eftirliti á vettvangi. Hvert vettvangsteymi samanstendur almennt af tveimur til fimm starfsmönnum. Hver úttekt krefst mikillar samvinnu innan teymisins og hefur teymið mikið að segja um framgang og gæði hvernar athugunar – þ.a.l. er mikilvægt að hafa á að skipa öflugum starfsfólki með viðeigandi reynslu, þekkingu og færni.

Við rannsóknir og vettvangsathuganir reynir á víðtæka þekkingu á starfsemi eftirlitsskyldra aðila og þeim lögum og reglum sem um hana gilda. Nokkrir starfsmenn rannsókna munu ganga til liðs við vettvangsathuganateymin eftir næstu áramót og á þann hátt nýtist sú þekking sem starfsmenn rannsókna hafa öðlast undanfarin ár. Sviðið leggur áherslu á að sannreyna gögn og að beita eftirfylgni.

## Eftirlit

Meginhlutverk eftirlits – eða eftirlitssviðs – er að hafa eftirlit með aðilum á íslenskum fjármálamarkaði, fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum, lífeyrissjóðum og öðrum þátttakendum á fjármálamarkaði. Eftirlitssvið gætir þess að eftirlitsskyldir aðilar starfi í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi þeirra auk laga um opinbert eftirlit nr. 87/1998. Einnig er hlutverk sviðsins að gæta þess að Fjármálaeftirlitið setji viðeigandi reglur og leiðbeinandi tilmæli, auk þess að fylgjast með og koma á framfæri til stjórnvalda tillögum að þeim lagabreytingum sem þörf er á í tengslum við fjármálamarkaðinn. Þá er hlutverk eftirlitssviðs að sinna neytendamálum m.a. í tengslum við eftirlit með heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum.

Megináherslur í starfi eftirlitssviðs eru:

1. Að sviðið hafi yfirsýn yfir starfsemi hvers og eins eftirlitsskylds aðila, að starfsleyfisskilyrði séu jafnan uppfyllt og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni þannig að viðvarandi eftirlit sé viðhaft.
2. Að starfshættir á fjármálamarkaði séu í samræmi við þær réttarreglur sem í gildi eru þ.a.m. varðandi heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Þetta á m.a. við um viðskipti á verðbréfamarkaði.

Á eftirlitssviði er unnið að því að yfirfara reglubundnar skýrslur ásamt því að yfirfara önnur fjárhagsleg gögn frá eftirlitsskyldum aðilum. Einnig hefur eftirlitssviðið það hlutverk að aðstoða vettvangsathugasvið í vettvangsskoðunum auk þess að sinna eftirfylgni eftir skoðanir og fylgja eftir úrbótakröfum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum. Þá vinnur eftirlitssvið að því að meta hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra félaga og að afgreiða starfsleyfi, virka eignarhluti og fleira eftir því sem þau verkefni berast til Fjármálaeftirlitsins. Framundan er mikil vinna við innleiðingu á reglum og leiðbeinandi tilmælum sem unnin verður í nánú samstarfi við ráðuneytin.

## Greiningar

Meginviðfangsefni greininga eða greiningasviðs er að áhættumeta einstaka geira fjármálamarkaðar og markaðinn sem heild, fylgjast með þróun áhættu, gera tillögur að áherslum í eftirliti og meta þörf fyrir möguleg inngríp Fjármálaeftirlitsins. Þá leiðir greiningasvið innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits (e. Risk Based Supervision) og leggur grunninn að gerð áhættumiðaðrar og fyrirbyggjandi eftirlitsáætlunar, sem síðan er unnin í samstarfi við eftirlits- og vettvangsathugasvið.

Greiningasvið sinnir útgáfu tölulegs efnis ásamt því að meta þörf fyrir breytingu laga, reglna og leiðbeinandi tilmæla. Sviðið er þátttakandi í erlendu samstarfi, einkum við systurstofnanir erlendis og tekur á móti fjölda erlendra aðila og kynnir fyrir þeim einstaka geira fjármálamarkaðarins og/eða markaðinn í heild.

Helstu verkefni greiningasviðs á árinu 2012 hafa falið í mati á eiginfjárkröfu viðskiptabanka og sparisjóða, svokölluðu SREP ferli, innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits fyrir Fjármálaeftirlitið, fjármála-stöðugleikasamstarfi við Seðlabanka Íslands, þróun og innleiðingu á Skuldbindingaskrá, eftirliti með Kauphöll og verðmyndun á verðbréfamarkaði, viðhaldi skráa yfir eftirlitsskylda aðila og starfsemi yfir landamæri, miðlun á tölulegum upplýsingum innan EES um starfsemi milli landa og útgáfu tölulegs efnis.

Þá var gefið út og birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins margvíslegt tölulegt efni, s.s. ársreikningabækur fyrir lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, rekstrarfélög verðbréfasjóða, lífeyrissjóði, váttryggingafélög og váttryggingamiðlanir.

Fyrirhugað er að vinnuhópur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands fari yfir núgildandi viðlagaáætlanir og komi með tillögur að framtíðarskipulagi þessara mála. Einnig er unnið að svokölluðu „RSA Project“ vegna lífeyrissjóðakerfisins. Um er að ræða OECD verkefni sem styrkt er af ESB. Markmið verkefnisins er m.a. að gera úttekt á lífeyrissparnaði í heild sinni og hlutverki hans við öflun fullnægjandi lífeyrisréttinda. Meginhlutverk FME er að halda utan um verkefnið (e. coordinator).

## 1.5 Rekstur og fjármál

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Í rekstraráætlunum sínum ber Fjármálaeftirlitinu lögum samkvæmt að leggja mat á hlutfallsskiptingu kostnaðarinn milli flokka eftirlitsskyldra aðila á hverju undangengnu þriggja ára tímabili. Þessi hlutfallsskipting starfseminnar, sem unnin er árlega úrtímaskráningarkerfi stofnunarinnar, er einnig almennt upplýsandi um starfsemina. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á milli helstu flokka eftirlitsskyldra aðila á árunum 2010 og 2011.

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila *)	2010 %	2011 %
Lánastofnanir	57,7	52,7
Váttryggingafélög og váttryggingamiðlarar	11,9	13,5
Lífeyrissjóðir	14,0	13,9
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	7,6	8,9
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir	2,6	3,1
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	4,2	5,4
Ýmsir aðilar	2,0	2,5
	100,0	100,0

\*) Vinna við rannsóknir á föllum fjármálafyrirtækjum er ekki meðtalin í þessari flokkun.

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins sýnir einnig greiningu starfseminnar í tegundir verkefna eða viðfangsefni. Slík greining ráðstöfunartímans á árunum 2010 og 2011 er eftirfarandi:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli helstu verkefna	2010 %	2011 %
Eftirlitsverkefni	70,2	66,9
Viðvarandi fjárhagslegt eftirlit ( e. off-site)	24,3	17,5
Vettvangsathuganir (e. on-site)	3,0	3,2
Önnur eftirlitsmál	42,9	46,2
Reglusetning	3,0	2,7
Almennur rekstur	22,9	27,3
Erlent samstarf/samskipti	3,9	3,0
	100,0	100,0

Með viðvarandi fjárhagslegu eftirliti er átt við athuganir, vöktun og markaðsvakt af ýmsum toga sem að mestu byggist á reglubundinni upplýsingasöfnun eða skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins. Einnig falla þarna undir ýmsar sértækar skoðanir er varða starfsemi, viðskiptahætti og starfsreglur eftirlitsskyldra aðila. Með vettvangsathugunum er átt við eftirlitsverkefni sem hafin eru með sérstökum eftirlitsheimsóknum. Undir liðinn „önnur eftirlitsmál“ í töflunni fellur svo vinna við ýmsar leyfisveitingar, hæfismöt, viðurlagamál, upplýsingamiðlun, fyrirspurnir og fleira. Þar undir fellur einnig að mestu vinna við rannsóknir sem tengjast bankahruninu. Með almennum rekstri er átt við vinnu við mála- og skjalastjórnunarkerfi stofnunarinnar, tölvu- og upplýsingatækni, starfsmannamál, fræðslumál og annað sem lýtur að reglubundnum rekstri og skrifstofuhaldi.

### Rekstur á árinu 2011 og áætlaður rekstur á árinu 2012

Á árinu 2011 námu gjöld Fjármálaeftirlitsins að meðtöldum eignakaupum alls 1.613,0 m.kr. en tekjur að meðtöldum fjármunatekjum alls 1.704,3 m.kr. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 1.642,7 m.kr. Á árinu 2011 varð því 91,4 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meðtalið í framangreindu eru 11,7 m.kr. gjöld og tekjur vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu. Eigið fé í árslok 2011 var 334,2 m.kr. en í ársbyrjun var eigið fé 242,9 m.kr. Eigið fé í lok árs kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi næsta árs, en samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal tekið tillit til áætlaðs rekstrarafgangs eða rekstrartaps við ákvörðun eftirlitsgjalds næsta árs þegar rekstraráætlun stofnunarinnar er unnin. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að mynda varasjóð innan ákveðinna marka samkvæmt lögnum. Varasjóður sem hluti af eigin fé reiknaður samkvæmt þessari heimild er 38,3 m.kr. í árslok 2011. Helstu atriði úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið eru sýnd í 5. kafla skýrslunnar en ársreikningurinn er birtur í heild sinni á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Ekki var gert ráð fyrir framangreindri eiginfjármýndun í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2011. Yfirfærsla eigin fjár frá árinu 2010 reyndist þannig nokkuð meiri en áætlun gerði ráð fyrir og tekjur á árinu 2011 einnig meiri en áætlað var. Mestu munar þó um að launakostnaður á árinu 2011 varð lægri en áætlað var þar sem fresta þurfti ráðningum, m.a. vegna húsnæðisskorts, þar sem afhendingu nýs leiguhúsnæðis seinkaði nokkuð frá því sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun ársins.

Samkvæmt áætlun stofnunarinnar fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir að gjöld verði alls 1.917,1 m.kr. en þar af vegna úrskurðarnefnda 14 m.kr. Áætlað er að tekjur að meðtöldum vaxtatekjum á árinu verði alls 1.864,1 m.kr. en þar af verði tekjur af eftirlitsgjaldi alls 1.859,1 m.kr. Áætlaður tekjuhalli á árinu 2012 er því 53,1 m.kr. sem jafnaður verður með yfirfærslu eigin fjár frá fyrra ári.

Rekstraráætlanir Fjármálaeftirlitsins, þar sem finna má nánari skýringar á rekstrarkostnaði stofnunarinnar og rekstrarniðurstöðum, eru fylgiskjöl með árlegum frumvörpum atvinnu- og nýsköpunaráráðgjafa til breytinga á lögum nr. 99/1999 vegna álagningar eftirlitsgjalds.

## 1.6 Rúmt ár á nýjum stað

Fjármálaeftirlitið flutti sem kunnugt er í nýtt húsnæði í september 2011 að Höfðatúni 2 í Reykjavík, eða í Turninn við Höfðatorg, eins og húsið er oft nefnt. Nýja húsnæðið fellur afar vel að þörfum stofnunarinnar hvað varðar stærð, staðsetningu, innri aðstöðu og húsvörslu en innan Fjármálaeftirlitsins eru gerðar ríkar kröfur hvað varðar trausta meðferð gagna og upplýsinga og takmörkun á aðgengi óviðkomandi. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins fer að mestu fram á þriðju hæð hússins en einnig á hluta af fjórðu hæð. Starfsemin fer að mestu fram í opnum vinnurýmum sem flest eru ætluð fyrir sex til tólf starfsmenn. Góð tenging er milli hæða í húsinu. Með nýja húsnæðinu hefur öll aðstaða til samskipta við eftirlitsskylda aðila, aðra samskiptaaðila og viðskiptavini, hvað varðar móttöku og fundaaðstöðu, verið stórbætt.

## 1.7 Góð reynsla af nýjum vef

Fjármálaeftirlitið opnaði nýjan vef í janúar 2012 eftir talsverðan undirbúning. Nýi vefurinn er bæði einfaldari og aðgengilegri en sá sem fyrir var. Hann er ekki greindur niður í markaði eins og gamli vefurinn heldur er honum ætlað að vera almenn upplýsingaveita, bæði fyrir eftirlitsskylda aðila og einnig fjölmiðla og almenning.

## 1.8 Áhersla á upplýsingamiðlun

Fjármálaeftirlitið hefur undanfarið ár lagt vaxandi áherslu á miðlun upplýsinga til eftirlitsskyldra aðila, fjölmiðla og almennings. Haldnir hafa verið blaðamannafundir sem hafa heppnast vel. Þá hefur verið hafin útgáfa vefritsins *Fjármála* en alls hafa þrjú tölublöð verið gefin út. Átak Fjármálaeftirlitsins í upplýsingamiðlun má meðal annars rekja til Upplýsingastefnu Fjármálaeftirlitsins sem gefin var út í lok nóvember 2011.

Upplýsingastefna Fjármálaeftirlitsins er tvískipt og beinist annars vegar að þeim aðilum sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með og hins vegar að fjölmiðlum. Gagnvart eftirlitsskyldum aðilum er meðal annars lögð áhersla á að birta efni á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins til upplýsingar og skilningsauka varðandi útfærslu á löggjöf og sem viðmið um hvað teljist heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir. Einnig að birta umræðuskjöl og bjóða hagsmunaaðilum að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum áður en eftirlitið samþykkir og birtir reglur og leiðbeinandi tilmæli. Enn fremur að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum.

Gagnvart fjölmiðlum og almenningi leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að gera hlutverk Fjármálaeftirlitsins sýnilegt neytendum, eftirlitsskyldum aðilum og öðrum áhugasömum og skýra frá aðgerðum Fjármálaeftirlitsins til að vernda notendur fjármálaþjónustu, veita upplýsingar og útskýra hver ástæðan er ef ekki er hægt að veita upplýsingar. Einnig leitast Fjármálaeftirlitið við að miðla upplýsingum um fjármálamarkaðinn og niðurstöðum greininga á mikilvægum þáttum hans svo og að miðla upplýsingum um alþjóðlegt samstarf stofnunarinnar.

**Upplýsingastefnu Fjármálaeftirlitsins má sjá hér:**

<http://www.fme.is/media/utgefing-efni/Upplýsingastefna.pdf>



## 2. Þróun á mörkuðum

### 2.1 Lánamarkaður

Rekstur þriggja stærstu viðskiptabankanna gekk vel á síðasta ári þrátt fyrir að dómsmál tengd s.k. myntlánnum, hafi fallið þeim í óhag. Eiginfjárstaða þeirra er góð og var um 23% að meðaltali miðað við hálfársuppgjör 2012. Helstu atburðir sem snertu bankakerfið á síðustu 12 mánuðum eru þeir að Íslandsbanki yfirtók Byr hf. í lok árs 2011 og í febrúar 2012 féll dómur Hæstaréttar um að ákveðin tegund gengistryggðra lána væri ólögmæt. Sú niðurstaða kemur til með að hafa töluverð neikvæð áhrif á rekstur bankanna, en þeir munu þó allir standast núverandi lágmarkskröfu Fjármálaeftirlitsins til eiginfjár eða 16%.

Efnahagsbatinn hélt áfram á síðasta ári. Landsframleiðsla jókst um 3% og spáð er 2,5 - 3% hagvexti á árinu 2012. Aðrar hagtölur þróuðust líka á jákvæðan hátt. Atvinnuleysi hefur minnkað og kaupmáttur launa aukist. Innlend fjárfesting hefur einnig aukist samfara lægra vaxtastigi.

Skuldastaða fyrirtækja og heimila hefur batnað sem endurspeglast í lægri vanskilahlutföllum og hafa þau ekki verið lægri frá stofnun bankanna árið 2008. Enn er þó mikið verk óunnið við endurskipulagningu skulda þessara aðila.

Þrátt fyrir sterka eigin- og lausafjástöðu bankanna eru samt tiltekin atriði sem kunna að valda óvissu og gætu haft neikvæð áhrif á rekstrarafkomu bankana á komandi misserum. Þar ber helst að nefna óvissu um gæði útlánasafna, lagalega óvissu hvað varðar útlán tengd erlendum myntum, fjármögnun til lengri tíma, óróa á erlendum mörkuðum og óvissu tengda fyrirhuguðu afnámi gjaldeyrishafta.


Annað sem veldur áhyggjum eru há kostnaðarhlutföll hjá bönkunum í alþjóðlegum samanburði sem bendir til þess að bankarnir hafi töluvert svigrúm til hagræðingar í starfsemi sinni.

Heildareignir viðskiptabankanna fjögurra samsvara rúmlega 90% af heildareignum lánastofnana annarra en Íbúðalánasjóðs. Að meðtöldum Íbúðalánasjóði er hlutdeild bankanna rúmlega 70%. Heildareignir viðskiptabankanna eru núna u.þ.b. 2.800 milljarðar króna eða rétt tæplega tvöföld landsframleiðsla Íslands.

Staða Íbúðalánasjóðs er áhyggjuefni, en eiginfjárhlutfall sjóðsins hefur farið lækkanði á undanförunum misserum og hann býr við uppgreiðsluáhættu. Staða sparisjóðanna er ennþá viðkvæm.

### Mynd 1

Stærð bankanna og annarra lánastofnana - heildareignir





## 2.2 Verðbréfamarkaður

### Þróun á verðbréfamarkaði

Þróun verðbréfamarkaða hefur verið áhugaverð síðastliðið ár. Velta hefur aukist með tilkomu nýrra fjárfestingarmöguleika en bæði hafa verið skráð á markað ný félög og skuldabréf. Þó ber að hafa í huga að á meðan gjaldeyrishöftin eru í gildi eru fjárfestingakostir takmarkaðir og hætta skapast á eignabólu.

### Þróun á hlutabréfamarkaði

Velta með hlutabréf meira en tvöfaldaðist milli árana 2010 og 2011, úr 2 milljörðum króna í ríflega 5 milljarða, og hefur haldið áfram að aukast það sem af er árinu 2012. Þessi aukna velta á að einhverju leyti rætur sínar að rekja til skráningar nýrra aðila á markað en bréf smásölufyrirtækisins Haga hf. voru tekin til viðskipta í lok árs 2011 og bréf fasteignafélagsins Regins hf. í byrjun júlí 2012. En þrátt fyrir að velta með hlutabréf hafi tekið verulega við sér á árunum 2011 og 2012, verður hún þó enn að teljast nokkuð lág og lítil seljanleiki hefur oftast en ekki valdið skörpum verðbreytingum á hlutabréfaverði.

Úrvalsvísitalan OMXI6 tók nokkuð skarpa dýfu upp úr miðju ári 2011 sem svo náði tímabundnu lágmarki í 860 stigum um miðjan október það sama ár. Eftir það tók hlutabréfaverð verulega við sér á ný og stóð árslokagildi vísitölunnar í 910 stigum samanborið við 934 stig í upphafi árs, sem jafngildir 2,6% lækkun. Í upphafi árs 2012 hélt vísitalan áfram að hækka og í byrjun maí náði vísitalan 1.092 stigi, sínu hæsta gildi frá upphafi. Fyrstu sex mánuði ársins 2012 fór vísitalan úr 934 stigum í 1.057 stig og nam því hækking vísitölunnar um 16,2%. Markaðsvirði skráðra félaga í kauphöllinni í lok júní 2012 var um 326 milljarðar króna samanborið við 280 milljarða í ársbyrjun.

Um mitt ár 2012 voru 13 félög skráð á markað í kauphöllinni, 9 á aðallista og fjögur á First North. Tvö félög hyggja á nýskráningu í kauphöllinni fyrir lok árs 2012, annars vegar Eimskip hf. og hins vegar Vodafone hf. Áhugi fyrir nýjum fjárfestingakostum virðist töluverður en umfræftirspurn var bæði eftir bréfum Haga hf. og Regins hf. og ætti því tilkoma þessara félaga á markað að vera kærkomin viðbót fyrir fjárfesta, sem búa við takmarkaða fjárfestingakosti sökum gjaldeyrishaftanna.

### Mynd 2

Þróun úrvalsvísitölu Nasdaq OMXI6




### Þróun á skuldabréfamarkaði

Velta á skuldabréfamarkaði hefur verið líflæg. Meðalmánaðarvelta ársins 2011 dróst örlítið saman frá fyrra ári en jókst töluvert á fyrstu sex mánuðum 2012 og hefur hún ekki mælst meiri frá 2008. Sem fyrr var mest velta, bæði árið 2011 og það sem af er árs 2012, í flokki óverðtryggðra ríkisskuldabréfa, eða rétt um 60% af heildarveltu allra skráðra skuldabréfa á markaði. Heildarmarkaðsverðmæti skráðra skuldabréfa í kauphöllinni um mitt ár 2012 var 1.858 milljarðar króna og hafði aukist um 139 milljarða frá því um mitt ár 2011.

Árið 2011 hækkuðu ávöxtunarkröfur óverðtryggðra vísitalna um á bilinu 79-155 punkta en það sem af er ári 2012 hefur krafa stystu bréfanna lækkað á ný, eða um 106 punkta, og staðið nokkuð í stað á þeim lengri. Kröfur verðtryggðra bréfa héldu áfram að lækka, og þá sér í lagi á seinni helmingi árs, en í árslok 2011 höfðu ávöxtunarkröfur OMXI5YI og OMXI10YI vísitalnanna lækkað um 79 og 175 punkta. Krafa OMXI5YI hefur hækkað um 88 punkta á fyrstu sex mánuðum ársins 2012 á meðan OMXI10YI hefur staðið nokkuð veginn í stað.


### Mynd 3

Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra skuldabréfavísitalna Nasdaq



### Mynd 4

Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfavísitalna Nasdaq



Áhrif gjaldeyrishaftanna og erlendra aðila á verðmyndun á markaði sýndu sig í mars sl. þegar mikið umrót varð á skuldabréfamarkaði í kjölfar tilkynningar Seðlabanka Íslands um hertar reglur í gjaldeyrismálum. Verð íbúðabréfaflokksins HFF 14 0915 lækkaði um 13% strax í kjölfar tilkynningarinnar en erlendir aðilar höfðu keypt mikið af bréfunum og var ávöxtunarkrafa þeirra neikvæð um tíma. Erlendir aðilar héldu á um 23% allra ríkisskuldabréfa og um 73% allra ríkisvixla um mitt ár 2012.


Á tímabilinu sóttu Arion Banki hf. og Íslandsbanki hf. fjármögnun á markað með útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Áhugi fjárfesta var mikill og var töluverð umframeftirspurn eftir bréfum beggja aðila.

### 2.3 Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir

Eignir íslenskra lífeyrissjóða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru í árslok 2011 um 137% og var hlutfallið þá orðið hið sama og það var fyrir fall bankanna. Heildareignir allra þeirra aðila sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með eru tæpir 6.700 milljarðar króna og nema eignir lífeyrissjóða og vörsluaðila um þriðjung af þeirri fjárhæð, eða 33,4%. Eignir lífeyrissjóða skiptast þannig að samtryggingardeildir lífeyrissjóða eiga 1.889 milljarða króna sem er um 90% af markaðnum. Séreignarsjóðir lífeyrissjóða eiga 209 milljarða króna og vörsluaðilar aðrir en lífeyrissjóðir 132 milljarða króna.

#### Mynd 5

Eignir lsj. og vörsluaðila séreignasp. / VLF



Miklar sveiflur hafa verið í ávöxtun lífeyrissjóðanna og þar sker árið 2008 sig úr en það ár var ávöxtun neikvæð sem nam 22% eftir góða ávöxtun árin 2003 til 2006. Hrein raunávöxtun samtrygginga og séreignardeilda lífeyrissjóða miðað við neyslaverðsvísitölu var 2,47% en var 2,65% árið 2010. Undanfarin fimm ár hefur ávöxtun lífeyrissjóðanna ekki náð ávöxtunarviðmiði þeirra sem er 3,5%. Þegar skipting fjárfestinga hjá samtryggingardeildum lífeyrissjóða í árslok 2008 og 2011 er borin saman vekur athygli hve mikil aukning hefur orðið í verðbréfum ríkis og sveitarfélaga en hlutfallið hefur farið úr 23% í 48% á þremur árum. Samhlíða því hafa gengisbundnar eignir lækkað úr 29% í rúm 23%.

Lífeyrissjóðirnir hafa frá árinu 2008 lagt aukna áherslu á áhættustýringu. Fjármálaeftirlitið hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu samtryggingardeilda og sambærileg tilmæli fyrir vörsluaðila séreignarsparnaðar eru í umsagnarferli. Nýjar og endurbættar reglur um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða hafa nýlega verið gefnar út.

#### Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða sjóða sem njóta ekki ábyrgðar launagreiðenda var neikvæð um 180 milljarða króna í árslok 2011 eða 7% af heildarskuldbindingum og hefur staðan batnað smám saman frá árinu 2008, fyrst og fremst vegna skerðingar á lífeyrisréttindum. Tryggingafræðileg staða sjóða með ábyrgð launagreiðenda, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, var neikvæð um 488 milljarða króna eða 63% af heildarskuldbindingum sjóðanna og mun hallinn lenda á viðkomandi ábyrgðaraðilum. Þessum síðarnefndu sjóðum, sem að stórum hluta flokkast sem gegnumstreymissjóðir, var fyrir allmörgum árum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum.

### Alþjóðlegur samanburður

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er stórt í alþjóðlegum samanburði. Sé horft til Evrópu er einungis lífeyrissjóðakerfið í Hollandi stærra. Á eftir Íslandi kemur svo Sviss, Bretland, Finnland, Danmörk og Írland. Þátttaka í lífeyrissjóðum sem hlutfall af fólki á vinnualdri er einnig mikil héraendis eða 85,5% sé horft til skylduaðildar og 42% nýta sér séreignarsparnað. Er þetta með því hæsta sem gerist í Evrópu.

Skipting lífeyrisgreiðslna á Íslandi árið 2011 var sú að 78,4 milljarða króna eða 50% komu frá lífeyrissjóðum en 56,3 milljarðar króna eða 36% komu frá Tryggingastofnun. Útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII laga nr. 129/1997 var 20,9 milljarðar króna eða 14%. Lífeyrisgreiðslur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru lægri á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum. Hlutfallið var 4% á árinu 2010. Hlutfallið var næst lægst í Sviss en þar var það yfir 6%.

### Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins voru níu talsins í lok júní 2012, sem er aukning um eitt félag frá fyrra ári.

Félögin starfrækja alls 54 verðbréfasjóði og sjóðsdeildir og 28 fjárfestingarsjóði og sjóðsdeildir. Heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða námu 311 milljörðum króna í lok júní 2012. Þar af námu eignir verðbréfasjóða tæpum 251 milljarði króna og eignir fjárfestingarsjóða tæpum 60 milljörðum króna.


### Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða jukust um 5,5% á milli árána 2011 og 2012. Það samræmist þeirri þróun sem hefur verið undanfarið að sú lækkun sem varð á eignum þeirra á árunum 2008 og 2009 sé að einhverju leyti að ganga til baka.

Meirihluti eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða eru bundnar í skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins, eða um 80% af heildareignum sjóðanna. Sú fjárfesting hefur aukist mjög á síðustu fjórum árum og þá helst á kostnað annarra skuldabréfa og innlána. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum hefur einnig aukist nokkuð. Á mynd 6 má sjá heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða árin 2006-2011.

### Mynd 6

Heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða (í ma. kr.) í lok júní hvers árs.



## 2.4 Vátryggingamarkaður


Bankahrúnið ásamt laga- og reglugerðabreytingum sem fylgdu í kjölfarið hafa sett sitt mark á vátryggingafélögin. Í stað þess að þróa nýjar tryggingaafurðir hafa félögin unnið að því að aðlaga reksturinn að breyttu umhverfi og að endurskoðun á stefnumörkun. Tekjur hafa aukist og kennitölur batnað. Fjármálaeftirlitið hefur tekið virkan þátt í undirbúningi að innleiðingu Sollency II tilskipunarinnar með formennsku í undirbúningsnefndinni sem skipuð var af efnahags- og viðskiptaráðuneytinu (nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu). Áætlað er að leggja fram lagafrumvarp vegna tilskipunarinnar fyrir þingið 2012-13.

Ekki hefur orðið breyting á fjölda skaðatryggingafélaga og eru fjögur félög langstærst á markaðnum með um 95% markaðshlutdeild. Tvö félög, Tryggingamiðstöðin og VÍS, eru í söluferli en Sjóvá var selt á síðasta ári. Hagnaður skaðatryggingafélaganna nam 4,9 ma.kr. árið 2011 sem er aukning um 2,9 ma.kr. frá árinu áður. Heildareignir þessara félaga námu 131 milljarði króna í árslok 2011 og jukust um 7 milljarða króna milli ára.

Á íslenska líftryggingamarkaðnum eru starfandi fimm félög, þar af eru fjögur þeirra dótturfélög skaðatryggingafélaga en eitt félag í eigu Arion banka. Öll líftryggingafélögin voru rekin með hagnaði sem nam 1,3 milljarði króna sem er nokkur lækkun frá árinu áður eða um 0,1 milljarða króna. Við árslok námu heildareignir líftryggingafélaga um 14,4 milljarða króna.

### Mynd 7

Gjaldþol tryggingafélaga



### 3. Annáll ársins

#### 3.1 Nokkrir atburðir liðins árs

##### Reglur um kaupaukakerfi

Reglur um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja voru samþykktar af stjórn Fjármálaeftirlitsins hinn 30. júní 2011. Þegar lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 var breytt með lögum 75/2010 var mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið skyldi setja slíkar reglur. Þær tóku síðan gildi með birtingu í Stjórnartíðindum þann 8. júlí 2011.

##### Reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja

Síðari hluta júlímánaðar 2011 gaf Fjármálaeftirlitið út reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja. Voru reglurnar að miklu leyti í samræmi við breytt verklag við mat á hæfi sem tekið var upp hjá Fjármálaeftirlitinu í ársbyrjun 2010.

Samkvæmt reglunum skal fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrirfram, ef unnt er, um skipan og síðari breytingar á framkvæmdastjóra og stjórn. Þá ber fyrirtækinu að skila nánar tilgreindum gögnum innan fjögurra vikna frá kosningu stjórnarmanna eða ráðningu framkvæmdastjóra.

##### Álagspróf EIOPA

Fjármálaeftirlitið birti í lok ágúst frétt um að Evrópska eftirlitsstofnunin á váttrygginga- og lífeyrismarkaði (EIOPA) hefði framkvæmt álagspróf snemmsumars á váttryggingafélögum á öllum váttryggingamörkuðum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Á hverjum markaði voru valin stærstu líftryggingafélögin og skaðatryggingafélögin þannig að þátt tóku váttryggingafélög sem samanlagt höfðu yfir 50% markaðshlutdeild á hvorum markaði fyrir sig.

Stærstu íslensku líf- og skaðatryggingafélögin tóku þátt í álagsprófinu og stóðust þau öll þau áföll sem prófað var fyrir.

##### Endurskoðuð leiðbeinandi tilmæli um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Í lok september 2011 gaf Fjármálaeftirlitið út endurskoðuð leiðbeinandi tilmæli um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Markmiðið með tilmælunum var meðal annars að setja fram leiðbeiningar um framkvæmd áhættumats hjá tilkynningaskyldum aðilum.

##### Samruni Byrs hf. og Íslandsbanka hf. samþykktur

Í október 2011 veitti Fjármálaeftirlitið samþykki sitt fyrir samruna Byrs hf. og Íslandsbanka hf. á grundvelli 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en Fjármálaeftirlitið hafði haft beiðni þessa efnis til skoðunar ásamt tilheyrandi gögnum frá því í júlí 2011.

##### Kynning á hálfársuppgjörum viðskiptabankanna

Hinn 20. október 2011 efndi Fjármálaeftirlitið til kynningar fyrir fjölmiðla þar sem farið var yfir hálfársuppgjör viðskiptabankanna. Kynningarfundur af þessu tagi var ákveðin nýjung í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og í samræmi við þá áherslu í stefnu stofnunarinnar að efla faglega umræðu og auka gagnsæi.

##### Afturköllun starfsleyfis Saga Fjárfestingarbanka hf.

Hinn 24. október 2011 tilkynnti Fjármálaeftirlitið um afturköllun starfsleyfis Saga Fjárfestingarbanka hf. sem lánafyrirtækis, þar sem fyrirtækið fullnægði ekki ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, um eigið fé. Miðaðist afturköllun starfsleyfis bankans við 3. október 2011.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. janúar 2012 (ákvörðun um hæfi framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs)**

Í málinu krafðist fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 31. ágúst 2010 þess efnis að hann uppfyllti ekki hæfisskilyrði til að gegna framkvæmdastjórastöðunni yrði ógilt. Athugun Fjármálaeftirlitsins á hæfi hans hafði leitt í ljós að starfsferill hans væri með þeim hætti að ekki væri tryggt að hann gæti gegnt stöðu framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs með forsvaranlegum hætti, sbr. 6. mgr. 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Héraðsdómur felldi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins úr gildi þar sem ekki var talinn nægjanlegur grundvöllur til þess að reisa jafn íþyngjandi ákvörðun á matskenndri lagaheimild auk þess sem komist var að þeirri niðurstöðu að málsmeðferð stofnunarinnar hefði ekki verið í samræmi við 15. gr. stjórnslulaga og framkvæmdastjórinn hefði af þeim sökum ekki notið andmælaréttar til fulls, sbr. 13. gr. sömu laga.

Dómnum var ekki áfrýjað af hálfu Fjármálaeftirlitsins þar sem ekki fékkst áfrýjunarleyfi frá Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. mars 2012 (ákvörðun um afturköllun starfsleyfis lánafyrirtækis)**

Í málinu krafðist Saga Capital hf. þess að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 28. september 2011 um að afturkalla starfsleyfi félagsins sem lánafyrirtæki yrði ógilt. Fjármálaeftirlitið hafði tekið ákvörðun um afturköllun á þeim grundvelli að Saga Capital hf. fullnægði ekki ákvæðum laga um fjármálfyrirtæki um eigið fé, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að sýkna bæri Fjármálaeftirlitið enda hefði lögmælt skilyrði fyrir starfsleyfinu ekki verið uppfyllt og þá var ekki fallist á þær málsástæður félagsins að ákvörðunin hefði brotið gegn málsmeðferðarreglum laga um fjármálfyrirtæki, meginreglum stjórnslulaga eða að hún hefði verið háð efnisannmörkum. Dómnum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 16. maí 2012 var Saga Capital hf. tekið til slitameðferðar samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 101. gr. laga um fjármálfyrirtæki. Úrskurðurinn var síðan staðfestur með dómi Hæstaréttar frá 14. júní 2012.

### **Dómur Hæstaréttar Íslands frá 16. maí 2012 (ákvörðun um stjórnvaldssekt)**

Í málinu krafðist EA fjárfestingarfélag hf. þess að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 31. maí 2011 um stjórnvaldssekt á hendur félaginu að fjárhæð 15 millj. kr. yrði felld úr gildi. Fjármálaeftirlitið hafði tekið ákvörðunina í kjölfar vettvangsathugunar hjá félaginu sem leiddi í ljós, að mati stofnunarinnar, að áhætta félagsins vegna innbyrðis tengdra viðskiptamanna þess væri meiri en heimilt væri samkvæmt þágildandi 30. gr. laga um fjármálfyrirtæki, sbr. a-lið 2. gr. reglna um stórar áhættuskuldbindingar. Hæstiréttur felldi ákvörðunina úr gildi og taldi að Fjármálaeftirlitið hefði ekki sýnt nægjanlega fram á að tengsl umræddra viðskiptamanna féllu undir þá skilgreiningu á fjárhagslega tengdum aðilum sem stjórnvaldssektin var reist á.

Fjármálaeftirlitið hóf fyrr á árinu endurskoðun á reglum um stórar áhættuskuldbindingar fjármálfyrirtækja vegna innleiðingar á tilskipun 2009/111/EB, þ.m.t. á þeim atriðum sem ágreiningur var um í fyrrnefndum dómi.

### **Fjármálaeftirlitinu falið tiltekið eftirlit með fagfjárfestastjóðum**

Fyrsta nóvember 2011 var sagt frá því að Fjármálaeftirlitinu hefði verið falið tiltekið takmarkað eftirlit með fagfjárfestastjóðum með gildistöku laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði þann sama dag. Um nýmæli var að ræða, en hingað til höfðu fagfjárfestastjóðir ekki lotið skipulögðu eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

### **Yfirlit yfir tímabundna starfsemi lánastofnana**

Fjármálaeftirlitið birti yfirlit yfir tímabundna starfsemi lánastofnana hinn 17. nóvember 2011. Þar var farið yfir stöðu eignarhalds lánastofnana í félögum í óskyldri starfsemi og hvernig gengið hefði að ljúka þeim viðskiptum eða endurskipuleggja starfsemi þeirra.

### **Ríkissaksóknari fellst á kæru Fjármálaeftirlitsins**

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins hinn 1. desember 2011 að ríkissaksóknari hefði fallist á kæru Fjármálaeftirlitsins vegna þeirrar ákvörðunar embættis sérstaks saksóknara að hætta rannsókn á meintum brotum á fjárfestingarheimildum fimm lífeyrissjóða sem voru í umsjá Landsbanka Íslands hf. fyrir fall bankans. Fjármálaeftirlitið hafði kært lífeyrissjóðina til embættis sérstaks saksóknara.

Niðurstaða ríkissaksóknara var að fella úr gildi þá ákvörðun embættis sérstaks saksóknara að hætta rannsókn málsins og leggja fyrir hann að taka málið til áframhaldandi rannsóknar.

### **Leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu samtryggingardeilda lífeyrissjóða**

Þann 12. desember 2011 gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða en drög að tilmælunum höfðu verið gefin út sem umræðuskjal fyrir á árinu 2011.

### **Leiðbeinandi tilmæli um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja**

Fjármálaeftirlitið gaf út leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja hinn 12. desember 2011. Fjármálaeftirlitið hélt sérstakar kynningar með æðstu stjórnendum og regluvörðum fjármálafyrirtækja í framhaldi af útgáfu tilmælanna.

### **Upplýsingastefna Fjármálaeftirlitsins**

Fjármálaeftirlitið gaf út upplýsingastefnu hinn 15. desember 2011. Var þar fjallað um miðlun upplýsinga annars vegar til aðila sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með og hins vegar fjölmiðla og almennings. Upplýsingastefnan byggir meðal annars á stefnu Fjármálaeftirlitsins.

### **Fjármálaeftirlitið tekur við yfirlestri og staðfestingu lýsinga**

Í desember 2011 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að stofnunin myndi í samræmi við lög taka við yfirlestri og staðfestingu lýsinga hinn 1. janúar 2012.

### **Skipulagsbreytingar og ráðning framkvæmdastjóra þriggja nýrra eftirlitssviða**

Í ársbyrjun 2012 réði Fjármálaeftirlitið framkvæmdastjóra þriggja nýrra eftirlitssviða en unnið hafði verið að skipulagsbreytingum innan Fjármálaeftirlitsins frá því í október 2011 með virkri þátttöku starfsmanna. Afrakstur vinnunnar var breyting á skipulagi Fjármálaeftirlitsins sem meðal annars fólst í því að fimm svið voru lögð niður og þrjú ný eftirlitssvið stofnuð. Nýju eftirlitssviðin þrjú eru vettvangsathuganir, eftirlit og greiningar. Hið nýja skipulag er verkefnamiðað og tóku nýju eftirlitssviðin þrjú við öllum verkefnum frá fimm eldri sviðum sem lögð voru niður en skipting þeirra tók að miklu leyti mið af geirum fjármálamarkaðarins. Markmið skipulagsbreytinganna var að auka skilvirkni og samhæfingu í starfseminni.



Halldóra E. Ólafsdóttir, sem verið hafði framkvæmdastjóri lífeyris- og verðbréfasjóðasviðs Fjármálaeftirlitsins frá því í apríl 2008, var ráðin framkvæmdastjóri eftirlitssviðs. Lúðvík Þorgeirsson, sem starfað hafði hjá Actavis og þar áður hjá Tryggingamiðstöðinni hf., var ráðinn framkvæmdastjóri greiningasviðs. Sigurveig Guðmundsdóttir, hagfræðingur á lífeyris- og verðbréfasjóðasviði Fjármálaeftirlitsins, var ráðin framkvæmdastjóri vettvangsathugunarsviðs. Alls bárust 72 umsóknir um framkvæmdastjórastörf.

### **Niðurstaða dóms Hæstaréttar ekki talin ógna fjármálastöðugleika**

Fjármálaeftirlitið birti frétt hinn 16. febrúar 2012 í tilefni af dómi Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli sem varðaði endurútreikning á gengistryggðu láni. Í fréttinni kom fram það mat Fjármálaeftirlitsins að niðurstaða dómsins muni hafa neikvæð áhrif innan kerfisins, en þó ekki að því marki að það ógni fjármálastöðugleika. Áhrifin gætu orðið mismikil eftir fjármálafyrirtækjum og í sumum tilvikum gætu þau jafnvel verið óveruleg. Tekið var fram í fréttinni að Fjármálaeftirlitið myndi strax hefja vinnu við mat á áhrifum dómsins á fjárhagsstöðu einstakra fjármálafyrirtækja og áhersla lögð á að mikilvægt væri að eyða allri óvissu um fordæmisgildi dómsins og áhrif hans á endurútreikning gengistryggðra lána.

### **Forstjóra sagt upp**

Hinn 1. mars 2012 sendi stjórn Fjármálaeftirlitsins frá sér yfirlýsingu þar sem fram kom að hún hefði kynnt Gunnari P. Andersen, forstjóra stofnunarinnar, þá ákvörðun sína að segja upp ráðningarsamningi hans. Ástæða uppsagnarinnar var að stjórn Fjármálaeftirlitsins taldi að brostnar væru forsendur fyrir því að Gunnar gæti gegnt starfinu þar sem á hæfi hans skorti. Þetta yrði rakið til fortíðar hans sem eins af framkvæmdastjórum Landsbanka Íslands. Þar við bættist að stjórn Fjármálaeftirlitsins hefðu borist ábendingar um að Gunnar kynni að hafa brotið af sér í starfi með því að afla sér trúnaðarupplýsinga úr bankakerfinu með ólögmætum hætti. Ennfremur kom fram að Unnur Gunnarsdóttir, yfirlögfræðingur stofnunarinnar, hefði tekið við forstjórastarfi Fjármálaeftirlitsins tímabundið.

### **Tilmæli Fjármálaeftirlitsins til lánastofnana sem stýrt er af slitastjórn og dótturfélaga lánastofnana í slitameðferð**

Hinn 1. mars 2012 birti Fjármálaeftirlitið frétt þess efnis að með vísan til þeirrar réttaróvissu sem upp væri komin varðandi endurreikning á gengistryggðum láns- og eignarleigusamningum, sbr. dóm Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011, hefði Fjármálaeftirlitið beint því til lánastofnana sem stýrt væri af slitastjórn og dótturfélaga lánastofnana í slitameðferð (eftirleiðis lánastofnanir) að þeim bæri að leggja mat á það hver möguleg áhrif dómsins, og þess endurreiknings sem af honum hlýst, yrði á eigið fé þeirra.

Ef líkur væru á að nýr endurreikningur í samræmi við dóminn leiddi í ljós að tilteknir skuldarar teldust mögulega hafa ofgreitt og ekki væri unnt að skuldajafna þeim ofgreiðslum í samræmi við 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu bæri lánastofnunum að:

1. Meta hvort rétt sé að senda frekari greiðsluseðla til slíkra skuldara.
2. Tryggja skuldurum sem reynast hafa ofgreitt miðað við nýjan endurreikning fullar endurgreiðslur.

Þá hefði Fjármálaeftirlitið minnt lánastofnanir á þann valkost að þær gætu boðið skuldurum, sem teldust mögulega hafa ofgreitt, upp á það úrræði að greiða inn á kröfu samkvæmt greiðsluseðli með greiðslu inn á sérstakan geymslureikning þar til nýjum endurreikningi og uppgjöri yrði lokið. Jafnframt hefði Fjármálaeftirlitið beint því til lánastofnana að grípa ekki til íþyngjandi vanefndaúrræða gagnvart skuldurum, s.s. á grundvelli laga nr. 90/1989 um aðför, laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu og vörslusviptinga á grundvelli samningsskilmála í þeim tilvikum þar sem óvissa kynni að vera til staðar um ætluð vanskil.

### **Vefritið Fjármál kemur út**

Vefrit Fjármálaeftirlitsins sem hlotið hefur nafnið Fjármál kom í fyrsta skipti út 21. mars 2012. Í þessu fyrsta eintaki Fjármála var að finna ávarp Unnar Gunnarsdóttur, starfandi forstjóra, og þrjár greinar. Þar var fjallað um rannsóknir Fjármálaeftirlitsins á aðdraganda bankahrunsins, gengistryggða láns- og eignarleigusamninga lánastofnana og úttekt á áhættustýringu og stjórnarháttum stóru viðskiptabankanna þriggja.

### **Minnisblað vegna dóms Hæstaréttar**

Fjármálaeftirlitið birti um miðjan mars 2012 minnisblað sem stofnunin hafði tekið saman vegna dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012. Þar voru dregnar saman niðurstöður stofnunarinnar um hvaða áhrif dómurinn hefði á bókfært virði gengislána í útlánasöfnum lánastofnana. Voru lánastofnanirnar beðnar um að meta áhrif dómsins út frá fjórum sviðsmyndum þar sem sviðsmynd eitt gekk hvað lengst í túlkun dómsins til hins verra fyrir lánastofnanir og sviðsmynd fjögur skemmst. Í minnisblaði Fjármálaeftirlitsins var miðað við sviðsmynd tvö sem stofnunin telur í mestu samræmi við forsendur dóms Hæstaréttar. Einungis 10% munur er á milli þeirrar sviðsmyndar sem gengur lengst og þeirrar sem gengur skemmst. Mat Fjármálaeftirlitsins var að áhrif dóms Hæstaréttar ógnaði ekki fjármálastöðugleika. Fjármálaeftirlitið áréttaði þó að öll óvissa vegna uppgjörs gengislána væri slæm fyrir fjármálakerfið og mikilvægt væri að henni yrði eytt. Síðan þá hefur stofnunin fylgst náið með framvindu þessara mála.

### **Nýr forstjóri ráðinn**

Sagt var frá ráðningarferli fyrir starf forstjóra Fjármálaeftirlitsins á vef stofnunarinnar hinn 20. apríl 2012. Skömmu síðar var starfið auglýst. Unnur Gunnarsdóttir var ráðin og var skýrt frá því þann 5. júlí.

### **Viðskiptabankarnir – staða og horfur**

Fjármálaeftirlitið boðaði til kynningar fyrir fjölmiðla hinn 10. maí 2012 undir yfirskriftinni Viðskiptabankarnir – staða og horfur. Á fundinum var meðal annars farið yfir rekstur viðskiptabankanna á undan-gengnu ári, fjallað um tímabundna starfsemi bankanna og lagalega óvissu um endurreikning ólög-mætra gengislána. Ennfremur var horft til framtíðar varðandi rekstur bankanna.

### **Annað eintak Fjármála kemur út**

Annað eintak Fjármála, vefrits Fjármálaeftirlitsins, kom út hinn 19. júní 2012 með fjölbreyttu efni. Unnur Gunnarsdóttir, settur forstjóri Fjármálaeftirlitsins, fjallaði í inngangi um til hvers Fjármálaeftirlitið horfði við ákvarðanir og Sigurður Freyr Jónatansson, tryggingastærðfræðingur, gerði grein fyrir afkomu váttryggingafélaga á árinu 2011. Þá skrifaði Guðmundur Örn Jónsson, sérfræðingur á sviði greininga, um aðskilnað viðskiptabanka og fjárfestingabankastarfsemi. Að lokum skrifaði Evgenía K. Mikaelsdóttir, sérfræðingur á sviði greininga, um eftirlitsferli Fjármálaeftirlitsins í tengslum við mat á eiginfjárbörf fjármálafyrirtækja samkvæmt stoð 2 í Basel reglum.

### Úrskurðarnefndir vistaðar hjá Fjármálaeftirlitinu

Fjármálaeftirlitið vistar úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, en nefndin fjallar um ágreining um bótaskyldu, þar með talið sök og sakarskiptingu milli neytenda og váttryggingafélaga. Mikil aukning hefur orðið á málskotum síðustu árin, sem m.a. má rekja til aukinnar þekkingar aðila á lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og heimildar til málskots. Þá höfðu breytingar sem gerðar voru á samþykktum Tjónanefndar váttryggingarfélaganna 2008 áhrif í þá átt að fjölga málskotum. Fram til ársins 2009 voru úrskurðir nefndarinnar að meðaltali um 270 á ári en voru á síðasta ári 523.

Fjármálaeftirlitið vistar einnig úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, en nefndin fjallar um ágreining viðskiptamanna við lánastofnanir (t.d. viðskiptabanka eða sparisjóði), verðbréfafyrirtæki eða dótturfyrirtæki þessara fjármálafyrirtækja. Fram til ársins 2009 voru málskot til nefndarinnar að meðaltali um 20 á ári en þeim hefur fjölgað mjög mikið á árunum sem liðin er frá fjármálaáfallinu haustið 2008 og virðist ekkert lát á þeim. Má nefna að á árinu 2011 bárust alls 115 mál til nefndarinnar og var úrskurðað í 106. Á fyrstu átta mánuðum ársins 2012 voru mál til nefndarinnar orðin 148.

### Rannsóknir Fjármálaeftirlitsins

Rannsóknir Fjármálaeftirlitsins á aðdraganda bankahrunsins haustið 2008 hófust strax í kjölfar falls stóru viðskiptabankanna þriggja. Rannsóknirnar hafa beinst að viðskiptum á verðbréfamarkaði sem og að starfsemi fjármálastofnana og annarra eftirlitsskyldra aðila. Þegar ljóst var að umfang rannsókna yrði verulegt var af hálfu Fjármálaeftirlitsins óskað eftir auknum fjárveitingum til þess að tryggja að hægt yrði að sinna þessu stóra og mikilvæga verkefni með faglegum og áreiðanlegum hætti. Á undanförunum árum hafa allt að 15 sérfræðingar unnið samtímis að rannsóknum innan Fjármálaeftirlitsins. Í október 2012 hefur Fjármálaeftirlitið lokið rannsóknum á 167 málum. Alls hafa 49 mál tengd aðdraganda hrunsins verið kærð til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra eða embættis sérstaks saksóknara, en jafnframt hefur 34 málum þar sem um er að ræða meint brot á almennum hegningarlögum verið vísað til embættis sérstaks saksóknara. Í þremur tilvikum hefur málum verið lokið með beitingu stjórnvaldssekta og 81 máli hefur lokið án aðgerða.

Framangreindar rannsóknir Fjármálaeftirlitsins hafa leitt í ljós meint brot á nánast öllum flokkum efnahagsbrota. Ennfremur liggur fyrir að í fjölmörgum tilfellum hefur háttsemi eftirlitsskyldra aðila í aðdraganda bankahrunsins ekki verið í samræmi við þau sérlög sem stofnunin hefur eftirlit með.

Um áramótin 2012–2013, mun formlegum hrunrannsóknum Fjármálaeftirlitsins ljúka. Mikil þekking og reynsla hvað varðar rannsóknir á efnahagsbrotum og aðferðafræði þar að lútandi hefur byggst upp innan Fjármálaeftirlitsins á undanförunum árum og er stofnunin því vel í stakk búin til að takast á við krefjandi verkefni á því sviði í framtíðinni. Að hrunrannsóknum loknum mun sú reynsla og þekking varðveitast innan eftirlitsins meðal annars í formi rannsóknarteymis sem heyrir undir vettvangsathuganir og mun hafa með höndum samtímarannsóknir á meintum brotum á þeim sérlögum sem Fjármálaeftirlitið hefur lögbundið eftirlit með.

## 4 Eftirlitsskyldir aðilar

### 4.1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila 30.06.2012

Þann 30. júní 2012 var fjöldi þeirra aðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem hér greinir:

	Fjöldi 30.06.2012*)	Starfa skv. lögum nr.:
Viðskiptabankar	4	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Sparisjóðir	10	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Lánafyrirtæki	6	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Innlánsdeildir samvinnufélaga	1	l. nr. 22/1991 um samvinnufélög
Verðbréfafyrirtæki	12	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfamíðlanir	3	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	8	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfasjóðir -53		l. nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði
Fjárfestingarsjóðir - 23		l. nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði
Fagfjárfestasjóðir - 33		l. nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði
Fagfjárfestasjóðir	4	l. nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði
Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir	1	l. nr. 110/2007 um kauphallir
Verðbréfamíðstöðvar	1	l. nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa
Lífeyrissjóðir	32	l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
Vátryggingafélög	13	l. nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi
Vátryggingamiðlarar	6	l. nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga
Aðilar með innheimtuleyfi	4	l. nr. 95/2008, innheimtulög.
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar	3	Ýmis lög
<b>Samtals</b>	<b>108</b>	
Slitastjórnir	13	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
<b>Samtals</b>	<b>121</b>	

\*)Þær breytingar sem hafa átt sér stað frá síðustu ársskýrslu eru að starfsleyfi Saga Capital hf. hefur verið afturkallað og samþykkt hefur verið afsal starfsleyfis EA fjárfestingarfélagshf. Hafa þessi félög nú verið tekin til slitameðferðar. Þá hafa átt sér stað samrunar milli eftirtalinnna fjármálafyrirtækja; samruni Byr hf. við Íslandsbanka hf., Alfa verðbréf hf. við MP banka hf., Tindar verðbréf hf. við Auði Capital hf. og Verdis hf. við Arion banka hf. Verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og fagfjárfestasjóðir sem reknir eru af rekstrarfélögum verðbréfasjóða eru ekki meðtaldir í heildarfjölda eftirlitsskyldra aðila. Nokkrir sjóðanna eru deildaskiptir.

### 4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda aðila/félaga sem á miðju árinu 2012 hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu:

Erlendir bankar án starfsstöðvar	220
Verðbréfasjóðir (UCITS)	49
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	1.913
Vátryggingafélög með starfsstöð	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	350
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	4.962

## 5. Helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins árið 2011

Héru sýndar helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn Fjármálaeftirlitsins þann 27. júní 2012 og áritaður af Ríkisendurskoðun sama dag. Ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: [www.fme.is](http://www.fme.is).

### Rekstrarreikningur árið 2011

<b>Tekjur</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Tekjur af eftirlitsgjaldi .....	1.642.716.557	1.143.217.311
Aðrar tekjur .....	37.360.169	124.788.106
	<u>1.680.076.726</u>	<u>1.268.005.417</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	1.074.475.956	822.521.261
Úrskurðarnefndir .....	11.659.789	12.723.784
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	93.870.613	63.061.119
Ferða- og starfstengdur kostnaður .....	34.985.192	31.303.791
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	169.867.329	162.872.402
Rekstur tækja og áhalda .....	26.880.183	26.723.935
Annar rekstrarkostnaður .....	49.158.557	36.902.693
Húsnæðiskostnaður .....	79.714.665	66.437.068
Tilfærslur .....	130.975	147.275
	<u>1.540.743.259</u>	<u>1.222.693.328</u>
Eignakaup .....	72.211.644	10.582.375
	<u>1.612.954.903</u>	<u>1.233.275.703</u>
Rekstrarafgangur	67.121.823	34.729.714
Fjármunatekjur .....	<u>24.253.126</u>	<u>19.383.860</u>
<b>Tekjuafgangur</b>	<u>91.374.949</u>	<u>54.113.574</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	2011	2010
<b>Veltufjármunir</b>		
Viðskiptakröfur .....	174.052.920	91.903.206
Aðrar skammtímakröfur .....	7.416.898	8.414.554
Handbært fé .....	203.502.982	184.401.897
	<u>384.972.800</u>	<u>284.719.657</u>
<b>Eignir alls</b>	<u>384.972.800</u>	<u>284.719.657</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	242.852.961	188.739.387
Tekjuafgangur / (tekjuhalli) ársins .....	91.374.949	54.113.574
Eigið fé	<u>334.227.910</u>	<u>242.852.961</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Ríkissjóður.....	3.570.457	5.418.748
Skammtímaskuldir.....	44.979.507	35.488.877
Aðrar skammtímaskuldir .....	2.194.926	959.071
Skuldir	<u>50.744.890</u>	<u>41.866.696</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<u>384.972.800</u>	<u>284.719.657</u>





**Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2012**

Höfðatúni 2 / 105 Reykjavík / Sími: 520 3700 / Símbref: 520 3727 / Tölvupóstur: fme@fme.is / www.fme.is